

## Ársfundur Vestfjarðastofu 10. maí 2019 á Þingeyri

Hafdís Gunnarsdóttir formaður setur fundinn og gerir tillögu að fundarstjóri verði Kristján Kristjánsson frá Ísafirði og varaforseti verði Nanný Arna Guðmundsdóttir frá Ísafirði.

Kristján Kristjánsson tekur við fundarstjórn og bíður gesti og þingfulltrúa velkomna og fer stuttlega yfir dagskrá þingsins. Sjá Ársfundarskjal 1.

Fundarstjóri gerir þá tillögu að þingritarar yrðu Magnea Garðarsdóttir og Agnes Arnardóttir starfsmenn Vestfjarðastofu.

### Gengið er til dagskrár

#### 1. Erindi og umræður um málefni sem varðar verkefna svið Vestfjarðastofu

Fundarstjóri segir frá því að engin mál verða tekin upp undir þessum lið, en að loknum ársfundi verður kynning á Sviðsmyndum Vestfjarða árið 2035.

#### 2. Skýrsla stjórnar

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri kynnir skýrslu stjórnar Vestfjarðastofu. Í skýrslunni reifaði hún störf stjórnar á árinu, sem hefur verið með eindæmum starfsöm og kröftug.

Haldnir voru tíu stjórnarfundir á árinu 2018 og tók ný stjórn við í lok ársins.

Upplýsingamiðlun hefur verið öflug, alls voru settar inn 54 fréttir á vefsíðu Vestfjarðarstofu. Nýr vefur var í smíðum og stefnt var að því að opna hann í upphafi árs 2019. Við sameiningu Atvinnuþróunarfélags Vestfirðinga og skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga héldu allir starfsmenn áfram störfum. Í september komu þrír starfsmenn til starfa með starfstöðvar á Þingeyri og Patreksfirði. Við lok árs 2018 voru starfsmenn 12 í 12 stöðugildum. Allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðarstofu.

Á Haustþinginu var samþykkt að Vestfjarðarstofa annaðist rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt tillögu að verklagi sem lögð var fram á þinginu. Þetta var gert til að skýra nokkra þætti sem hafði ekki verið lokið í samrunaáætlun sem áður hafði verið samþykkt. Fór formaður stjórnar yfir hlutverk Vestfjarðarstofu og Fjórðungssamband Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðarstofu.

Verkefni Vestfjarðarstofu eru mörg og fjölbreytt sem spannar vítt svið og tengist flestum þeim málaflökkum sem skipta Vestfirðinga máli. Vestfjarðarstofa hefur tekið á móti mörgum gestum, átt gott samstarf við Landshlutasamtaka sveitarfélaga og Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem fólst meðal annars í að aðstoða við undirbúning námskeið fyrir nýja sveitarstjórnarmenn sem haldið var á Ísafirð og sótt fundi og ráðstefnur á vegum samtakana.

Starfsmenn Vestfjarðarstofu sátu um 7 fundi með ráðuneytum og nefndum Alþingis ásamt því að senda inn um 12 umsagnir um frumvörp og þingsályktanir. Allþjóðleg samskipti voru nokkur og samstarf við önnur sveitarfélög. Starfsmenn Vestfjarðarstofu héldu nokkra súpufundi víða á Vestfjörðum til að kynna Vestfjarðarstofa fyrir nýjum sveitarstjórnarmönnum. Vestfjarðarstofu hefur verið falin mörg verkefni og má þar meðal annars nefna umsjón með framkvæmd og áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Atvinnuþróun og stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki er stór þáttur í verkefnum og störfum Vestfjarðarstofu í formi aðstoðar, upplýsingagjafar og ýmisskonar leiðbeininga.

Byggðaðróun er annar stór þáttur í störfum og verkefnum Vestfjarðarstofu og má þar t.d. nefna umhverfissvottun, skipulag haf- og strandsvæða, verkefni í samstarfi við Byggðastofnunar undir hatti brothættra byggðir bæði í Árneshreppi og á Þingeyri, orkutengd verkefni, sviðsmyndagerð, íbúakönnun, greinargerð og stöðumat fyrir Strandabyggð, verslun á landsbyggðinni, samstarfsverkefni sveitarfélaga og atvinnulífs á sviði almannatengsla og menningarmál.

Markaðsstofa Vestfjarða er einnig hluti af verkefnum Vestfjarðarstofu þar sem unnið er að margvíslegum og fjölbreyttum verkefnum m.a. móttaka og kynning um svæðið, sýningar og vinnustofur, Áfangastaðaáætlun og áfangastaðastofa, samstarf markaðsstofa og annað samstarf á landsvísu, verkefni styrkt af ferðamálastofu, samstarf við fyrirtæki á svæðinu, Visit Westfjod, heimasíða og samfélagsmiðlar ásamt Hringveg 2. Að lokum má geta þess að starfsfólk sótti þó nokkrar ráðstefnur, námskeið og fundi á árinu. Sjá Árskýrslu á vef Vestfjarðarstofu [www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is)

Fundarstjóri gefur orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn kveður sér hljóðs.

Fundarstjóri setur upp skýrslu FV og Vestfjarðarstofu til samþykkis. Samþykkt einróma.

### **3. Staðfesting ársreiknings**

- a. Sigríður Ó Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri gerir grein fyrir ársreikningi Vestfjarðastofu, sjá Ársfundarskjal nr. 2.

Fundarstjóri færir umræðu og samþykki ársreikning yfir í lið 4. með fjárhags og starfsáætlun.

### **4. Fjárhags- og starfsáætlun kynnt**

- a. Sigríður Ó Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri gerir grein fyrir Fjárhags- og starfsáætlun Vestfjarðastofu, sjá Ársfundarskja nr. 3.

Fundarstjóri gefur orðið laust um ársreikning, fjárhags- og starfsáætlun.

Smári setur upp spurningu um þróunarverkefni á fiskeldi. Sigríður gerir nánari grein fyrir því.

Sigurður spyr um atkvæðisrétt. Fundarstjóri gerir grein fyrir því.

Fundarstjóri setur ársreikning, fjárhags- og starfsáætlun upp til samþykkis. Samþykkt einróma.

**5. Breytingar á samþykktum (ef við á)**

- a. Fundarstjóri sameinar lið 5 og 6.

**6. Staðfesting á starfsreglum stjórnar og nefnda Vestfjarðastofu (ef við á)**

- a. Sigríður setur fram og kynnir.

Með vísun í Ársfundarskjal nr. 4

Fundarstjóri gefur orðið laust.

Fundarstjóri leggur til samþykkis – samþykkt samhljóða

**7. Kosningar:**

- a. Kjör stjórnar

Baldur Smári formaður starfsháttarnefndar

Á fundi starfsháttarnefndar Vestfjarðastofu 7. maí 2019 var samþykkt eftirfarandi tillaga vegna stjórnarkjörs sem verður á ársfundi Vestfjarðastofu föstudaginn 10. maí. nk.

Aðalmenn í stjórn:

Víkingur Gunnarsson, Arnarlax á Bíldudal

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Hótel Ísafjörður

Kristján Jóakimsson, HG Ísafirði

Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Þörungaverksmiðjan á Reykhólum

Varamenn í stjórn:

Aðalbjörg Óskarsdóttir, Drangnesi

Inga Hlín Valdimarsdóttir, Hnjóti

Marta Guðrún. Jóhannesdóttir, Kaldrananeshreppur

Shiran Þórisson, Arctic Fish, Ísafirði

Fundarstjóri ber upp tillögu til samþykkis. Samþykkt einróma

- b. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis  
Endurskoðun Vestfjarða og Guðmundur Kjartansson

- c. Kjör nefnda  
Engar nefndir, kosin 2018

## 8. Ákvörðun um þóknun stjórnar og framkvæmdastjórnar

- a. Baldur Smári formaður starfsháttarnefndar segir frá að starfsháttarnefnd leggur til að stjórnarlaun verði óbreytt.

Fundarstjóri gefur orðið laust

Fundarstjóri ber tillögu upp til samþykkis. Samþykkt einróma.

## 9. Önnur mál

Friðbjörg Matthíasdóttur tók til máls. Hún benti á að það yrði að passa uppá að hafa ekki aðalfund sama dag og Háskólasetur Vestfjarða. Enn fremur ræddi hún um fundinn og nefndi að henni þætti spennandi að koma upp til að viðra hugmyndir og spjalla, gaman að hitta og sjá alla.

Ingibjörg Benediktsdóttir tekur til máls. Þakkar fyrir daginn. Lagði til að fundadagar yrðu ekki framvegis á föstudegi. Ekki tóki fleiri til máls.

Fundarstjóri lokar dagsskrá.

Formaður Hafdís Gunnarsdóttir slítur fundi 15:45

Ársfundi slitið

**Ársfundarskjal nr. 1 Dagskrá Ársfundar**



Vestfjarðastofa

**15:00 Ársfundur Vestfjarðastofu**

1. Erindi og umræður um málefni sem varðar verkefnasvið Vestfjarðastofu -Engin mál verða tekin upp undir þessum lið, en að loknum ársfundi verður kynning á Sviðsmyndum Vestfjarða árið 2035.
2. Skýrsla stjórnar
3. Staðfesting ársreiknings
4. Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
5. Breytingar á samþykktum (ef við á)
6. Staðfesting á starfsreglum stjórnar og nefnda Vestfjarðastofu (ef við á)
7. Kosningar:
  - a. Kjör stjórnar |
  - b. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis
  - c. Kjör nefnda
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar og framkvæmdastjórnar
9. Önnur mál

Ársfundi slitið

**16:00- 17:00 Sviðsmyndir Vestfjarða árið 2035 kynntar.**

**Ársfundarskjal nr. 2 Ársreikningur**

## Rekstrarreikningur ársins 2018

		2018
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlög og styrkir .....		106.100.551
Aðrar tekjur .....		<u>2.826.264</u>
		108.926.815
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	4	64.043.820
Annar skrifstofukostnaður .....		19.480.071
Kostnaður vegna sérverkefna .....		<u>23.350.019</u>
		106.873.910
Rekstrarafkoma fyrir fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld)		2.052.905
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....	5	<u>(35.618)</u>
<b>Rekstrarafkoma .....</b>		<u>2.017.287</u>



### TÍMABIL

Rekstur hefst 1. júlí 2018



### ANNAR SKRIFSTOFUKOSTNAÐUR

Húsnæðiskostnaður, skrifstofukostnaður, greiddir styrkir, auglýsingar, dreifingarkostnaður



### KOSTNAÐUR VEGNA SÉRVERKEFNA

Ferðir, akstur, keyptur hugbúnaður og tæki

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Skýr. 31.12.2018

### Veltufjármunir

#### Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir .....	2	26.992.534
Aðrar skammtímakröfur .....		<u>1.085.185</u>
		28.077.719

#### Handbært fé

Bankareikningar .....		<u>25.141.877</u>
		25.141.877

**Veltufjármunir** 53.219.596

**Eignir** 53.219.596

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir		Skýr. 31.12.2018
<b>Eigið fé:</b>		
Stofnfé .....	2.700.000	
Rekstrarafkoma .....	2.017.287	
<b>Eigið fé</b> 3	<b>4.717.287</b>	
<b>Skuldir:</b>		
Viðskiptaskuldir .....	4.900.000	
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	14.515.552	
Ógreiddar ýmsar skammtímaskuldir .....	3.514.224	
Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur .....	25.572.533	
<b>Skuldir</b>	<b>48.502.309</b>	
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>53.219.596</b>	

## Ársfundarskjal nr. 3 Fjárhags- og starfsáætlun

### Rekstur og hagsmunagæsla

Framlag til reksturs frá FV -Jöfnisj. ....	16.318.178
Framlag FV v. rekstur skrifstofu sveitarf. ....	5.100.000
Framlag FV v þróun sóknaráætlunar - Jöfn .....	2.649.335
Endurg. útl. kostnaður .....	442.934
Aðrar tekjur, bókarí .....	2.300.000
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>26.810.447</b>
Laun og launatengd gjöld .....	15.612.501
Aðkeyptir verkstakar .....	1.761.029
Annar skrifstofukostnaður .....	7.238.766
<b>Laun og launatengd gjöld</b> .....	<b>24.612.296</b>
Afskriftir .....	35.618
Vaxtatekjur/gjöld .....	35.618
<b>Rekstramiðurstæða</b> .....	<b>2.162.533</b>



### HAGSMUNAGÆSLA

Umsagnir, fundir með þingmönnum, ráðuneytum og stofnunum vegna hagsmunamála Vestfjarða, samstarf við önnur landshlutasamtök



### REKSTUR

Framkvæmdastjórn, starfsmannamál, stjórnarkostnaður, kostnaður vegna sameiningar



### BÓKHALD

Bókhald fært fyrir Háskólasetur og fleiri einingar og tekjur koma vegna þess.

#### Sóknaráætlun

Framlag FV v/Sóknaráætlunar .....	9.275.000
Framlag til Sóknaráætlunar .....	4.000.000
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs. ....	(2.450.000)
Tekjur samtals .....	10.825.000
Laun og launatengd gjöld .....	5.829.443
Greiddir styrkir .....	6.500.000
Annar skrifstofukostnaður .....	718.155
Gjöld samtals .....	13.047.598
Rekstrarniðurstaða .....	(2.222.598)

#### Atvinnuþróun

Framlag FV. v.Sóknaráætlun .....	1.616.571
Framlag FV v. rekstur skrifstofu-Sveitarfél. ....	3.276.000
Framlag FV v. Byggðaáætlunar .....	15.000.000
Framlag FV v.framlags Byggðast. til atv.þróunar .....	20.988.000
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs .....	(15.421.596)
Tekjur samtals .....	25.458.975
Laun og launatengd gjöld .....	12.283.562
Aðkeyptir verktafar .....	2.266.041
Annar skrifstofukostnaður .....	10.222.078
Gjöld samtals .....	24.771.681
Rekstrarniðurstaða .....	687.294



#### REKSTUR

Umsjón með uppbyggingasjóði og áhersluverkefnum, útgreiðsla styrkja, eftirfylgni verkefna auk stefnumótunar vegna Sóknaráætlunar og samskipta við samráðsvettvang.



#### ÁHERSLUVERKEFNI

Verkefni sem greidd eru beint út en ekki í umsjón Vestfjarðastofu eru flest greidd út frá FV en ekki alveg algilt 2018. Verður meginregla framvegis.



#### ÓNOTAÐ

Vegna áhersluverkefna sem ekki eru unnin af Vestfjarðastofu en er ekki lokið á árinu.



#### ATVINNUÞRÓUN

Almenn ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja, samstarf við sveitarfélög, innviðagreining, fyrirtækjakönnun



#### NÝSKÖPUNAR- OG SAMFÉLAGSMIDSTÖÐVAR

Áhersla á að skapa vettvang fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf. Umsókn inn í Byggðaáætlun til að fylgja eftir.



#### ÓNOTAÐ

C1 verkefni af Byggðaáætlun – styrkur kom undir lok ársins og færast til 2019.



#### Byggðapróun

Framlag FV. v. rekstur skrifstofu .....	1.000.000
Framlag FV. v. sóknaráætlun .....	11.100.000
Framlag FV. V. brothættar byggðir .....	10.825.000
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs .....	(5.825.937)
Tekjur samtals .....	17.099.063
Laun og launatengd gjöld .....	9.616.272
Aðkeyptir verktakar .....	2.018.014
Geiddir styrkir .....	7.000.000
Annar skrifstofukostnaður .....	451.681
Gjöld samtals .....	19.085.967
Rekstrarmiðurstæða .....	(1.986.904)



#### UMHVERFISVOTTUN

Viðhalda vottun, samstarf við sveitarfélög, græn skref



#### BROTHÆTTAR BYGGÐIR

Áfram Árneshreppur hófst 2017 og Öll vötn til Dýrafjarðar hófst 2018.



#### ÓNOTAÐ

Hluti af sviðsmyndaverkefni, #Vestfirðingar, svæðisskipulagsvinna

#### Meningarmál

FV-VFS v. rekstur skrifstofu-Sveitarfél	4.950.000
Tekjur samtals	4.950.000
Laun og launategð gjöld	3.108.709
Annar skrifstofukostnaður	331.407
Gjöld samtals	3.440.116
Vaxtatekjur	0
Rekstrarmiðurstæða	1.509.884



#### UPPBYGGINGARSJÓÐUR

Stór hluti menningarverkefni, eftirfylgni og stuðningur



#### STRAUMAR

Ungt listafólk stutt til listsköpunar á Vestfjörðum.  
Listahátíð á Flateyri sumarið 2018.



#### SAMSTARF MENNINGARFULLTRÚA

Árlegir fundir og nokkur samskipti vegna fjölbreytts samstarfs

#### Markaðsstofa

Framl.FV v. Söknaráætlun	2.900.000
Framl.FV v. rekstur skrifstofu-Sveitarf.	3.400.000
Framl.FV v. Ferðamálastofa	8.200.000
Framl.FV v. Ferðamálastofa	10.375.000
Aðrar tekjur	83.330
Ónotaðir styrkir fluttir í f.ári	(1.875.000)
Tekjur samtals	23.083.330
Laun og launategð gjöld	8.009.481
Aðkeyptir verktafar	1.972.985
Laun og launt. gj. og skrifstofukostn. ferður á milli deilda	8.115.005
Annar skrifstofukostnaður	3.213.698
Gjöld samtals	21.311.169
Rekstrarmiðurstæða	1.772.161



#### ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

Birt og kynnt á árinu. Verk í stöðugri vinnslu og endurskoðun hefst líklega árið 2020.



#### SÉRVERKEFNI MEÐ FERÐAMÁLASTOFU

Ferðapakkar, þjónustuuppbygging í þorpum, stafrænir Vestfirðir, Hringvegur 2



#### VISIT WESTFJORDS

Rekstur vefs og samfélagsmiðla, móttaka blaðamanna, þátttaka í sýningum og vinnustofum

---

	2018
<b>Almenningssamgöngur</b>	
Styrkur vegna almenningssamgangna .....	700.000
Tekjur samtals .....	<u>700.000</u>
Laun og launatengd gjöld .....	513.933
Annar skrifstofukostnaður .....	91.150
Gjöld samtals .....	<u>605.083</u>
Rekstrarmisurstaða .....	<u>94.917</u>



#### ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Starfsfólk Vestfjarðastofu vinnur að verkefni FV um almenningssamgöngur. Verkefnið er þó vistað hjá FV.

Vestfjarðastofa - endurskoðuð fjárhagsáætlun 2019			
Rekstrartekjur			
	Raun 2018	Áætlun 2019	Endurskoðuð áætlun 2019
<b>Styrkir og framlög</b>			
Samningur við FV um rekstur skrifstofu jöfn	16,318,178	31,000,000	33,000,000
Samningur við FV um rekstur skrifstofu SF	17,726,000	37,400,000	37,400,000
Ferðamálastofa	8,200,000	16,400,000	16,400,000
Byggðastofun til atvinnuþróunar	20,988,000	41,270,000	42,693,000
Samningur við FV um umsjón Sóknaráætlunar	6,649,335	107,600,000	19,900,000
Brothættar byggðir	10,825,000	10,200,000	24,400,000
<b>Verkefnatengdar tekjur</b>			
Samningur við FV um verkefni Sóknaráætlunar	24,891,571	4,700,000	22,200,000
Almenningssamgöngur	700,000		3,000,000
Ferðamálastofa - sérverkefni	10,375,000	8,500,000	10,300,000
Árgjald Markaðsstofu		2,000,000	2,000,000
Árgjald Earth Check		400,000	400,000
Ónotaðir styrkir færðir til næsta árs	(25,572,533)	3,350,000	25,573,000
<b>Sértekjur</b>			
Fastar tekjur	2,350,000	5,500,000	6,520,000
Aðrar tekjur	442,934	15,000,000	16,700,000
Verkefni af Byggðaaætlun	15,000,000		31,000,000
Áhersluverkefni færð milli ára			
<b>Samtals</b>	<b>108,893,485</b>	<b>283,320,000</b>	<b>291,486,000</b>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	64,044,000	144,000,000	150,000,000
Stjórn og nefndir			
Annar skrifstofukostnaður	19,481,000	27,000,000	30,000,000
Kostnaður vegna sérverkefna	9,850,000	40,300,000	85,000,000
Greiddir styrkir	13,500,000	70,700,000	24,000,000
<b>Samtals</b>	<b>106,875,000</b>	<b>282,000,000</b>	<b>289,000,000</b>
Hagnaður (tap)	2,018,485	1,320,000	2,486,000

## Ársfundarskjal nr. 4 Staðfesting á starfsreglum stjórnar og nefnda Vestfjarðastofu

### STARFSHÁTTANEFND VESTFJARÐASTOFU

10. MAÍ 2019

Með vísan til tilmæla í samþykktri tillögu Fjórðungspings Vestfirðinga beinir aðalfundur Vestfjarðastofu því til starfsháttanefndar Vestfjarðastofu að hún vinni samhliða milliþinganefnd að endurskoðun samþykktar Vestfjarðastofu og endurskoði jafnframt starfsreglur stjórnar.